

Alþingi
Erindi nr. P 130/377
komudagur 28.11.2003

Spurningar frá efnahags- og viðskiptanefnd:

1) Reikna út liði samkvæmt forsendum m.v. launabreytingar en ekki 2,5% eins og er í frumvarpinu?

Miðað við 5% launabreytingar hækkar persónuafsláttur úr 321.900 kr í 337.995 kr.

2) Hvað hafa vaxtagjöld lækkað með lækkun vaxta?

MEÐAL VAXTAGJÖLD VEGNA HÚSNÆÐIS								
A verðlagi hvers árs					A verðlagi 2002			
í þ. kr.	1995	2000	2001	2002	1995	2000	2001	2002
Einstaklingar	212	279	309	340	273	311	324	340
Einstæðir foreldrar	219	320	353	397	282	358	370	397
Hjón ¹	375	489	547	592	481	546	573	592
1) Ekki samsköttun								
Handreiknaðir eru ekki með								

Fara þarf varlega í túlkun þessara talna þar sem ekki er gerður samanburður við aukningu skulda á tímabilinu.

3) Bera verðbólguþá fjármálaráðuneytis saman við verðbólguþá Seðlabanka Íslands og greiningardeildanna.

Óverulegur munur er á verðbólguþám þessara aðila.

4) Á hve mörgum bitnar lækkun skuldapaks vaxtagjalda, skipt eftir tekjubili?

Áætluð áhrif vegna breytinga á hámarksviðmiðun vaxtagjalda úr 7% í 5,5% af skuldum, m.v. úlagningu 2004

Tekjur (þ.kr.)	Fjöldi
0	-12
-1000	-5
-2000	-147
-3000	-330
-4000	-561
-5000	-742
-6000	-734
-7000	-627
-8000	-441
8001 -	-484
Samtals	-4083

Þegar þessar tölur eru skoðaðar þarf að hafa í huga að þeir sem njóta vaxtabóta eru tæplega 53 þúsund. Í því felst að tæplega 8% þeirra verða fyrir einhverjum áhrifum af breytingum, en einkum þó í efstu tekjubilunum.

Dæmi:

Áætluð breyting á meðalvaxtabótum samkvæmt skattframtölum		
Hjón		
	m.v. eignarskattsstofn 2-3 m.kr.	
Meðalvaxtabætur, kr.	7% af skuldum	5,5% af skuldum

**Svör ráðuneytisins við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar,
dags. 15. október 2003.**

88. mál, tekjuskattur og eignarskattur

- 1. Óskað er eftir samanburði sem tekur til síðastliðinna tíu ára á breytingum einstakra skatta skv. verðlagsforsendum fjárlaga samanborið annars vegar við verðlagsvísitölu og hins vegar við launavísitölu.**

Svar: Í meðfylgjandi töflu koma fram umbeðnar tölur um þróun tekna af tekjuskatti og útsvari frá 1993. Hér er um heildartölur að ræða, en rétt er að hafa í huga að á tímabilinu fjölgaði framteljendum um 13%.

Vísitala m.v. 1993=100

í m.kr.	Tekjuskattur einstaklinga	Útsvar til sveitarfélaga	Vísitala tekjuskatts	Vísitala útsvars	Vísitala neysluverðs	Launa vísitala
1993	22,589	13,319	100	100	100	100
1994	24,845	17,290	110	130	101	101
1995	24,135	19,496	107	146	103	106
1996	29,949	21,309	133	160	106	113
1997	26,112	30,639	116	230	107	119
1998	31,687	34,915	140	262	109	130
1999	36,855	39,046	163	293	113	139
2000	42,853	43,558	190	327	119	148
2001	50,862	51,304	225	385	127	161
2002	53,976	56,175	239	422	133	172

Fjölgun fjölda framteljenda - vísitala

1993	100
1994	101
1995	102
1996	103
1997	105
1998	106
1999	108
2000	109
2001	112
2002	113

- 2. Óskað er eftir útlistun á uppbyggingu vaxtabótakerfisins. Hvaða þættir hafa áhrif og hvernig ?**

Svar:

I. Almennt um vaxtagjöld og vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á vaxtabótum og sama á við um þá sem keypt hafa eignarhlut í almennri

kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993. Rétturinn stofnast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á skattframtali og til að fá vaxtabætur þarf að gera sundurliðaða grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum.

Vaxtagjöld af lánnum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota mynda stofn til vaxtabóta. Hér er átt við lán vegna:

- a. kaupa á íbúðarhúsnæði,
- b. byggingar íbúðarhúsnæðis,
- c. verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði (á eingöngu við um lán frá Íbúðalánasjóði),
- d. greiðsluferðleika, þ.e. lán sem sannanlega eru tekin til greiðslu á lánnum sem notuð voru til öflunar íbúðarhúsnæðis,
- e. kaupa á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993.

Vaxtagjöld vegna lána til skemmri tíma en tveggja ára mynda stofn til vaxtabóta en einungis:

- a. á næstu fjórum árum (tekjuárum) talið frá og með kaupári og er þá miðað við dagsetningu kaupsamnings, eða
- b. á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging er hafin eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Vaxtagjöld vegna fasteignaveðskulda og skulda með sjálfskuldarábyrgð við lánastofnanir sem upphaflega voru til tveggja ára eða lengri tíma eru ekki háð þessum tímamörkum.

II. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Sé íbúð keypt eða bygging hafin 1999 eða síðar er heimilt að greiða vaxtabætur fyrirfram. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta er bráðabirgðagreiðsla og þurfa þeir sem fá fyrirframgreiddar vaxtabætur eftir sem áður að gera grein fyrir vaxtagjöldum vegna íbúðarkaupna á framtali sínu. Sé ekki sótt um fyrirframgreiðslu vaxtabóta, greiðast þær eftirá eins og gildir um lán af eignum, sem keyptar voru fyrir 1999. Í fyrirframgreiðslunni er miðað við greidd vaxtagjöld af fasteignaveðlánnum, en á framtal skal færa öll vaxtagjöld sem gjaldféllu á árinu, einnig þau sem voru í vanskilum. Hafi verið tekin önnur lán vegna öflunar íbúðarhúsnæðis en þau sem fyrirframgreiðslan var reiknuð útfrá, skal gera grein fyrir vaxtagjöldum af þeim á framtali.

Þegar kaup hafa átt sér stað eða bygging er hafin er hægt að sækja um fyrirframgreiðslu vegna þeirra lána sem stofnað hefur verið til, sbr. það sem kemur fram hér á eftir. Sótt er um í eitt skipti og eftir það ákvarðast fyrirframgreiðslan sjálfkrafa á grundvelli þeirrar umsóknar. Einungis þarf að senda nýja umsókn ef stofnað er til nýrra lána.

Frestur til að sækja um fyrirframgreiðslu vaxtabóta er í einn mánuð eftir að ársfjórðungi lýkur. Umsóknum er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi er framtalsskyldur. Berist umsókn síðar er hún afgreidd með umsóknum næsta ársfjórðungs.

Fyrirframgreiðsla reiknast frá þeim mánuði þegar greitt er af láni í fyrsta skipti. Þegar stofnað er til nýrra lána kemur strax til greiðslu lántökukostnaðar og reiknast fyrirframgreiðslan þá frá því að lánið er afgreitt. Fyrirframgreiðsla vegna yfirtekinna lána reiknast frá þeim tíma sem greitt er af láninu eftir að viðkomandi lánastofnun hefur verið tilkynnt um yfirtökuna. Því er nauðsynlegt að tilkynna yfirtöku láns strax til að koma í veg fyrir tafir á greiðslu vaxtabóta.

Einungis lán sem lánastofnanir veita skattyfirvöldum upplýsingar um, veita rétt til fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Þegar fyrir liggur undirrituð umsókn um fyrirframgreiðslu vaxtabóta, sækir skattstjóri þær upplýsingar til lánastofnana sem nauðsynlegar eru til að ákvarða fyrirframgreiðsluna.

Fyrirframgreiðslan er reiknuð eftir sömu reglum og gilda um útreikning vaxtabóta í álagningu nema hvað miðað er við ársfjórðung í staðinn fyrir heilt ár. Hámark vaxtabóta er fjórðungur af hámarks vaxtabótum fyrir heilt ár. Miðað er við greidda og gjaldfallna vexti í hverjum ársfjórðungi en þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur fjórðungi hámarks vaxtagjalda miðað við heilt ár. Skerðing vegna tekna er miðuð við fjórðung launatekna umsækjanda á síðustu 12 mánuðum samkvæmt staðgreiðsluskrá og upplýsingar um tekjur utan staðgreiðslu og eignir samkvæmt síðasta framtali. Ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu er kæránleg til ríkisskattstjóra.

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta er greidd ársfjórðungslega, fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs. Vaxtabætur fyrir fyrsta ársfjórðung eru greiddar 1. ágúst, fyrir annan ársfjórðung 1. nóvember, fyrir þriðja ársfjórðung 1. febrúar og fyrir fjórða ársfjórðung 1. maí.

Eins og segir er fyrirframgreiðsla vaxtabóta bráðabirgðagreiðsla. Í fyrirframgreiðslu er einungis tekið tillit til vaxtagjalda af fasteignaveðlánum og einungis tekið mið af greiddum vaxtagjöldum. Þegar kemur að álagningu er hins vegar ekki litið til þess hvort vextir hafi verið greiddir heldur er nóg að þeir hafi verið gjaldfallnir. Sama á við um önnur lán sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis en þau sem veittu rétt til fyrirframgreiðslu, þau koma til útreiknings vaxtabóta í uppgjöri samkvæmt framtali. Við álagningu samkvæmt skattframtali eru vaxtabætur reiknaðar og gerðar upp ef um of- eða vangreiðslu hefur verið að ræða.

Vaxtabótum og fyrirframgreiddum vaxtabótum er skuldajafnað á móti ógreiddum opinberum gjöldum og á móti gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánnum Íbúðalánasjóðs.

III. Forsendur vaxtabóta

Vaxtagjöld á árinu 2002 til útreiknings vaxtabóta, sem koma til greiðslu 2003, takmarkast við 7% af skuldum, vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, í árslok. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta þó ekki orðið hærri en:

Hjá einstaklingi 468.655

Hjá einstæðu foreldri 615.244

Hjá hjónum/sambýlisfólki 761.832

Vaxtabætur ákvarðast sem vaxtagjöld samkvæmt framansögðu að frádragum 6% af tekjuskattsstofni. Við tekjuskattsstofn skal þó bæta frádrætti vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, launa sendimanna erlendis og iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur vegna öflunar lífeyrisréttinda. Framangreint hlutfall (6%) skal þó lækkað um 0,5% á hverju ári sem maður á rétt á vaxtabótum samfelld vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega ef eignir að frádragnum skuldum eru á bilinu:

Hjá einstaklingi 3.640.034 - 5.640.034

Hjá hjónum/sambýlisfólki 5.843.330 - 9.349.328

Vaxtabætur geta aldrei orðið hærri en:

Hjá einstaklingi 160.588

Hjá einstæðu foreldri 206.527

Hjá hjónum/sambýlisfólki 265.566

3. Óskað er eftir að ráðuneytið afli upplýsinga frá Íbúðalánasjóði hversu mikið hefur verið greitt upp af lánum sem sjóðurinn hefur veitt sundurgreint eftir ársfjórðungum síðustu 10 ár og hver sé útstandandi húsbref hverju sinni.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðarlánasjóði eru ekki til tölur um uppgreiðslur lána fyrir tímabilið fyrir 1993-1999 á tölvutæku formi, þar sem ekki var haldið sérstaklega utan um þessi gögn hjá Húsnæðisstofnun. Hins vegar eru til upplýsingar um stöðu húsbrefaflokka og fylgir hé rmeð samantekt yfir þá skv. ársreikningum frá árinu 1999.

Uppgreidd lán skipt eftir árum og ársfjórðungum og lánveitanda.

Allir					
	1999	2000	2001	2002	2003
1. ársfj.	1,596,970,610	1,710,718,886	849,311,256	977,400,383	2,248,244,005
2. ársfj.	2,338,608,738	1,732,822,745	873,730,549	870,603,134	2,255,609,967
3. ársfj.	2,436,117,208	1,226,366,938	796,182,807	1,599,464,361	3,798,832,529
4. ársfj.	1,975,644,496	933,952,610	971,300,006	1,693,965,401	
	8,347,341,051	5,603,861,180	3,490,524,618	5,141,433,279	8,302,686,501
Þ.a. Húsbrefadeild					
	1999	2000	2001	2002	2003
1. ársfj.	515,309,644	1,076,702,566	288,087,827	393,608,826	852,957,009
2. ársfj.	1,401,388,667	993,170,723	339,343,995	355,320,180	1,157,224,538
3. ársfj.	1,352,591,156	448,989,308	334,264,897	410,069,002	2,057,394,955
4. ársfj.	1,046,792,726	316,365,242	284,652,972	434,175,019	
Samtals	4,316,082,192	2,835,227,838	1,246,349,691	1,593,173,028	4,067,576,501
Þ.a. Önnur útlán					
	1999	2000	2001	2002	2003
	1,081,660,966	634,016,320	561,223,429	583,791,557	1,395,286,997
	937,220,071	739,652,022	534,386,554	515,282,954	1,098,385,429
	1,083,526,052	777,377,631	461,917,910	1,189,395,359	1,741,437,574
	928,851,770	617,587,368	686,647,034	1,259,790,382	
	4,031,258,859	2,768,633,342	2,244,174,927	3,548,260,251	4,235,110,000

4. Óskað var eftir upplýsingum um það á hvað mörgum aðilum fyrirhuguð lækkun vaxtabóta mun bitna, skipt eftir tekjuhópum.

Svar:

Ekki náðist að klára umbeðna úttekt í tæka tíð, en niðurstöður hennar verða sendar efnahags- og viðskiptanefnd eins fljótt og auðið er.

5. Óskað var eftir upplýsingum um greiðslur vaxtabóta eftir landshlutum.

Svar:

Í meðfylgjandi töflu kemur fram skipting á greiðslum vaxtabóta eftir skattumdæmum miðað við álagningu 2003.

í m.kr.	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra
Vaxtabætur	2,316	1,821	215	64	93	417

Austurland	Suðurland	Vestmanna- eyjar	Landið allt
134	246	68	5,373

6. Óskað var eftir upplýsingum um hversu algengt það sé að vaxtabætur sé skertar vegna eigna.

Svar:

Skerðingarmörk eigna hafa umtalsverð áhrif á fjárhæð vaxtabóta hjá bótaþegum. Þannig er fjöldi þeirra sem fá engar vaxtabætur vegna skerðingarmarka eigna um 11.200.

7. Óskað var eftir upplýsingum um aldurssamsetningu þeirra sem þiggja vaxtabætur.

Svar:

Í meðfylgjandi töflu eru birtar upplýsingar um aldurssamsetningu vaxtabótaþega miðað við álagningu 2003.

Aldur	Fjöldi
>70	2,056
65-69	1,138
60-64	1,553
55-59	2,720
50-54	4,013
45-49	6,001
40-44	8,350
35-39	9,973
30-34	10,219
25-29	7,665
<25	2,546
	<u>56,234</u>

8. Óskað var eftir upplýsingum um hvaða áhrif það hefði á tekjur ríkissjóðs ef tekjumörk hátekjuskattsins yrði hækkuð um 0 þús.kr. / 10 þús.kr. / ... / 100 þús.kr.

Svar:

Þau dæmi sem hér eru sýnd taka mið af álagningu ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002 og 7% hátekjuskatt. Af þeim sést að hækkun tekjumarka hátekjuskatts um 100 þús. kr. á einstakling myndi skerða tekjur ríkissjóðs um liðlega einn milljarð króna.

Hækkun á mánuði	Á mánuði, þ.kr.	Á ári, þ.kr.	Tekjur ríkissjóðs m.kr.
0 þús. kr.	332	3,980	1,730
10 þ.kr	342	4,100	1,570
50 þ.kr.	382	4,580	1,090
100 þ.kr.	432	5,180	700

9. Óskað var eftir upplýsingum um greiðendur hátekjuskatts, þ.e. aldurssamsetningu þeirra, þjóðfélagsstöðu og menntun.

Svar:

Engin leið er að nálgast upplýsingar um greiðendur hátekjuskatts eftir þjóðfélagsstöðu og menntun, en meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um aldurssamsetningu greiðenda m.v. álagningu ársins 2003.

Aldur	m.kr.
>70	57
65-69	69
60-64	95
55-59	177
50-54	274
45-49	317
40-44	314
35-39	238
30-34	148
25-29	67
<25	16
	<u>1,773</u>

10. Óskað var eftir upplýsingum um tekjur ríkissjóðs af alþjóðlegum viðskiptafélögum, fjölda þeirra og afkomu.

Svar:

Enn vantar frekari upplýsingar varðandi þessa fyrirspurn, en endanleg svör verða send nefndinni eins fljótt og auðið er.